

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um sjálfakandi strætó í Reykjavík

Borgarstjórn samþykkir að beina því til stjórnar Strætó að ráðist verði í tilraunaverkefni með sjálfkeyrandi strætisvagna. Mikil þróun hefur átt sér stað undanfarin ár í slíkri tækni en tæknin mun koma til með að stuðla að stórbættri þjónustu. Verkefnið yrði liður í snjallvæðingu Reykjavíkurborgar. Við útfærslu verkefnisins verði umferðaröryggi haft að leiðarljósi. Ný og hagkvæm tækni getur orðið til þess að stórbæta þjónustu Strætó án mikils tilkostnaðar.

Greinargerð:

Sjálfkeyrandi tækni mun koma til með að verða bylting í samgöngum. Nú þegar hafa borgir í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við hafið prófanir á tækninni með það að leiðarljósi að skoða hagkvæmni, rekstrarkostnað, umferðaröryggi og jafnvel aukna tíðni almenningsgangna. Í nýjum umferðarlögum, sem tóku gildi um síðustu áramót, er nýtt ákvæði sem heimilar einmitt tilraunir af þessu tagi.

Um er að ræða samvinnu- og nýsköpunarverkefni, sem ýtt verður úr vör í þeirri viðleitni að meta kosti og fýsileika þess að snjallvæða almenningsgangur í borginni og stíga fyrstu skrefin í innleiðingu á þessari nýju tækni. Hér væri öryggi óvarðra vegfarenda í Reykjavík aukið verulega og um leið stuðlað að nútímavæðingu borgarinnar hvað samgöngur varðar.

Framþróun í samgöngum er mikil um þessar mundir enda óumdeilanlega hluti af fjórðu iðnbyltingunni. Líkt og farsímarnir urðu snjallsímar munu ökutæki verða snjallbílar. Fyrir nokkrum árum var tilhugsunin um sjálfakandi ökutæki útópísk en í dag eru sjálfakandi ökutæki staðreynd. Sjálfkeyrandi bílar eru komnir til sögunnar víða um heim og á Reykjavíkurborg að vera leiðandi í hópi þeirra borga sem taka þátt í þeirri nýbreytni og nýsköpun sem sjálfakandi ökutæki munu hafa í för með sér. Almenningsgangur eru hluti af þessum breytingum en nú þegar eru sjálfkeyrandi ökutæki í notkun á flugvöllum til að flytja fólk frá flugvélum að flugstöð, sem helgast af því að lagaheimild er til staðar á slíkum svæðum utan almennrar umferðar á vegum og götum.

Fjöldi borga hefur sett í gang tilraunaverkefni með sjálfkeyrandi almenningsgangur á minni rafknúnum almenningsvögnum. Það er oftast nær gert á svæðum þar sem hraði er ekki mikill og tækni af þessu tagi er þegar orðin raunhæfur kostur. Víða í Evrópu er tæknin prófuð af evrópskum stórfyrirtækjum á borð við Peugeot, Citroen og Volkswagen sem hafa unnið að sjálfkeyrandi verkefnum í Bordeaux og París í Frakklandi og Hamborg í Þýskalandi svo dæmi séu tekin. Sem stendur er helst um að ræða litla 20 manna vagna, sem knúnir eru með rafmagni og aka á hægum hraða á sérvöldum leiðum, t.d. götum í íbúðahverfum og í miðbæjarkjörnum á göngugötum.

Í maímánuði 2018 var sjálfkeyrandi strætisvagn sýndur og kynntur við Hörpuna og Korputorg í samvinnu Reykjavíkurborgar, verkfræðistofunnar Eflu og Heklu hf., sem er umboðsaðili vagnsins.

Margar borgir hafa sett í gang tilraunaverkefni á völdum svæðum og má þar nefna heilsárs strætisvagna í Helsinki og London sem ýtt var úr vör árið 2019. Þá eru almenningsvagnar í Osló sem einnig voru teknir í notkun árið 2019. Jafnframt er fjöldi verkefna í gangi á vegum Google og Tesla í mörgum borgum Bandaríkjanna.

Borgarstjórn samþykkti að beina því til stjórnar Strætó hinn 3. október 2018 að auka akstur tíðni strætó í 7,5 mínútur á háannatíma á stofnleiðum. Nú tveimur árum síðar hefur ekkert gerst í þeim efnum, en ætla má að sjálfkeyrandi tækni geti einmitt stóraukið afkastagetu og aukið tíðni strætó fyrir óbreytt fjárframlag.

Reykjavíkurborg hefur þegar sett sér markmið um „Snjallborgina Reykjavík“ þar sem nýjar lausnir og tölvuvæðing verður notuð til að auka öryggi og þjónustu við borgarbúa. Þá má nefna að nú þegar er í gangi verkefni um snjallvæðingu gangbrauta sem Sjálfstæðisflokkurinn lagði fram og var samþykkt og því er þessi tillaga ekkert annað en eðlilegt framhald.